

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009.

1. gr.

Á eftir staflið g í 3. gr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: sjávarútvegs- og siglingagreinum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.

- 1) Í stað orðanna „einn tilnefndur“ á undan „af Samtökum atvinnulífsins“ í 7. mgr. kemur: tveir tilnefndir.
- 2) Orðin „tilnefndur af Félagi skipstjórnarmanna“ í 7. mgr. falla brott.
- 3) Á eftir 7. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
*Í starfsgreinaráði sjávarútvegs- og siglingagreina eiga sæti sjö fulltrúar, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og þrír tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Einn fulltrúi er tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands.*

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 og öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 16. desember 2009.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ásta Magnúsdóttir.*